

Erindisbréf

Stýrihópur um endurskoðun skólastefnu Hafnarfjarðar.

Stýrihópurinn starfar samkvæmt samþykkt fræðsluráðs frá 5. nóvember 2012.

Skipan

Stýrihópurinn skipi þrjár fulltrúar fræðsluráðs (einn frá hverjum stjórnarmálflokki) kosnir á fundi fræðsluráðs 5. nóvember 2012.

Með stýrihópnum starfar sviðsstjóri fræðsluþjónustu ásamt þeim sem hann tilnefnir sem starfsmann hópsins og öðrum starfsmönnum fræðsluþjónustu eftir þörfum.

Hlutverk

Stýrihópurinn skipuleggi og haldi utan um vinnu við endurskoðun skólastefnu Hafnarfjarðar.

Það verði gert með því að:

- Gera tillögu til fræðsluráðs um vinnutilhögun við endurskoðun skólastefnunnar
- Fara yfir gildandi skólastefnu
- Samhæfa vinnu hagsmunaaðila sem til verða kallaðir
- Halda málþing og kynningarfundir

Verkefni á ábyrgð sviðsstjóra eru auk þess:

- Boðun funda, ritun fundargerða og annað utanumhald um verkefnið.
- Samskipti við hagsmunaaðila, ásamt öðrum aðilum sem hópurinn ákveður.
- Tengsl við aðrar einingar stjórnkerfis Hafnarfjarðar sem málið varðar.
- Söfnun allra gagna og upplýsinga sem þörf er á.

Tímarammi og umfang verkefnis

Stýrihópurinn taki strax til starfa og fundi að jafnaði vikulega til að byrja með og síðan eftir þörfum. Tillaga um vinnutilhögun liggi fyrir á fundi fræðsluráðs 26. nóvember nk.

Drög að endurskoðaðri skólastefnu liggi fyrir á fyrsta fundi fræðsluráðs í maí nk. og endanleg útgáfa mánuði síðar.

Fundafjöldi

Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn haldi alls allt að 10 fundum.

Hafnarfirði 1. nóvember 2012 / uppfært 30 janúar 2013